

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 2.12.2024
UST202411-039/G.S.Á.
08.06.02

Efni: Þykktarmæling og segulsviðsskönnun á lýsis- og olíugeymum - Olíudreifing ehf., Vestmannaeyjum, geymir nr. 3 (T2025).

Umhverfisstofnun bárust þann 5. nóvember sl. þykktarmælingar og segulssviðsskönnun á geymi Olíudreifingar, Vestmannaeyjum. Geymirinn hefur fastanúmerið T2025 og eigandanúmerið 900.03.00, í olíubirgðastöð rekstraraðila á Eiðinu, Vestmannaeyjum. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1970.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., þann 15. október sl. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 - 18 mm. Einnig var notaður MFE MK IV Tank Floor Scanner. Serial No.MK4 0016-A-TFS. Botn geymisins var mældur, ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu nr. TM-MFL-244066-GEYMIR-3-T2025-OKT-2024 frá HD að geymirinn sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu og að neðsta umfar lítur vel út. Gólf geymisins er málað að innan og hluti af neðsta umfari. Meðfylgjandi er skýrsla HD um þykktarmælingar geymisins.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri